



Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Rauðhóla

Verk- og tímaáætlun

Desember 2019

Forsendur

Rauðhólar eru þyrping gervígga í Elliðaárhrauni í norðanverðum hluta Heiðmerkur. Upprunarlega eru gígarnir taldir hafa verið um 80 talsins, en hefur fækkað meðal annars sökum efnistöku. Rauðhólar eru vinsælt útivistarsvæði sem liggur í næsta nágrenni við Reykjavíkurborg og hefur svæðið meðal annars notið mikilla vinsælda til göngu- og reiðferða.

Rauðhólar voru friðlýstir sem fólkvangur árið 1974 samkvæmt auglýsingu í stjórnartíðindum B, nr. 185/1974 og er stærð fólkvangsins um 130,2 ha.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Rauðhóla hófst í desember 2019. Áætlunin var unnin af samstarfshópi um fólkvanginn og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur og sveitarfélag. Hún er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram

stefnu um verndun fólkvangsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi hans.

Starfshópin skipuðu:

- ✓ Aron Geir Eggertsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- ✓ Belinda Eir Engilbertsdóttir, starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur og fulltrúi landeigenda.
- ✓ Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.
- ✓ Björn Ingi Edvardsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.
- ✓ René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- ✓ Gústaf Jarl Viðarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Reykjavíkur.
- ✓ Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Almennt um verkefnið

Verndar- og stjórnunaráætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar fólkvangsins og hvernig stefnt skuli að viðhaldi verndargildis svæðisins í anda sjálfbærrar þróunar og í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðlýsingu svæðisins. Umhverfisstofnun hefur unnið [handbók](#) um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan hátt. Stjórnunar- og verndaráætlunin verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið, aðgerðir og verndarráðsáfanir, en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>

Gert er ráð fyrir að gildistími áætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun sem gildir til 5 ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Rauðhóla verði lokið sumarið 2020. Fólkvangar eru í umsjón sveitarfélaga og er Reykjavíkurborg því ábyrg fyrir aðgerðaráætlun svæðisins.

Stjórnunar- og verndaráætlunin felur í sér eftirfarandi þætti:

1. Inngangur
 - a. Samráð
 - b. Eignarhald og umsjón
 - c. Lagalegur- og stjórnsýslulegur rammi
 - d. Verndargildi og IUCN verndarflokkur
2. Lýsing á svæðinu*
 - a. Mörk svæðisins
 - b. Náttúruminjar
 - i. Jarðminjar
 - ii. Gróður, vistgerðir og dýralíf
 - c. Menninarminjar
 - d. Landnotkun
 - i. Kvikmyndataka og ljósmyndun
 - ii. Ferðaþjónusta og útivist
 - iii. Námur
 - e. Innviðir og mannvirki
 - i. Landvarsla
 - ii. Aðgengi
 - iii. Göngu-, reið og hjólaleiðir
 - f. Helstu ógnir
 - g. Öryggismál
 - h. Fræðsla og kynning
 - i. Mönnuð- og fjarstýrð loftför
 - j. Rannsóknir og vöktun
3. Markmið og stefna

*Um drög að 2. kafla er hér að ræða og eru athugasemdir vel þegnar.

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar á einnig sæti fulltrúi sveitarfélags og fulltrúi landeigenda.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Undirskrift ráðherra og útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: desember 2019 – janúar 2020

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu

Tími: janúar - febrúar 2020

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Tími: febrúar - mars 2020

- Ef þörf er á þá er haldinn kynningarfundur með samráðsaðilum og hagsmunaaðilum. Hugmyndavinna, stefnumótun.
- Unnin drög að 3. kafla áætlunarinnar (Markmið og stefna).
- Reykjavíkurborg vinnur drög að sinni aðgerðargerðaráætlun
- Unnin drög að nýju korti ef þörf er á.

Afurð: Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu. Drög að aðgerðaráætlun frá sveitarfélagi liggur fyrir til samþykktar hjá Umhverfisstofnun.

4. áfangi: Greining á aðgerðum

Tími: apríl 2020

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

Afurð: Drög að aðgerðaáætlun.

5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur

Tími: maí-júní 2020

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almenni gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla

Tími: júní 2020

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: júlí 2020

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og heimasíðu Reykjavíkurborgar.